

## Skilablað – Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu – Lögreglustöð 1

### Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) um fyrirkomulag skilamats segir: „Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguþúsnaðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna öflunar á leiguþúsnaði (leiguverkefni).

### 1 Upphof verkefnis

Verkbeiðni barst til FSR í janúar 2011 frá innanríkisráðuneyti (nú dómsmálaráðuneyti) þar sem óskað var eftir aðstoð FSR vegna öflunar húsnaðis fyrir lögregluna á höfuðborgarsvæðinu (LRH).

Verkkaupi var LRH.

Róbert Jónsson var verkefnistjóri hjá FSR.

### 2 Verklýsing

Staðsetning verkefnis var hjá LRH en verkefnið var unnið í samráði við innanríkisráðuneyti (nú dómsmálaráðuneyti).

Verkefnið fólst í að finna húsnaði fyrir lögreglustöð í austurbæ Reykjavíkur, lögreglustöð 1.

Miðað var við að FSR myndi vinna húslýsingum ásamt húsrýmisáætlun, auglýst yrði eftir húsnaði í leigu og gerður leigusamningur við viðkomandi leigusala.

Bókhalds- og greiðsluþjónusta var ekki hjá FSR.

### 3 Verknúmer

Verkefnið fékk verknúmerið 633 6900 í janúar 2011.

### 4 Framvinda

Lokið var við gerð húslýsingar/auglýsingar ásamt húsrýmisáætlun seinni part janúarmánaðar og var auglýst eftir um 670 fermetra húsnaði í lok janúar 2011.

Tvö tilboð bárust um leigu á húsnaði, annars vegar húsnaði við Suðurlandsbraut 32 og hins vegar við Álfheima 74 í Reykjavík.

Bæði hús voru skoðuð af fulltrúum LRH og FSR og var niðurstaðan sú að þau hentuðu ekki starfsemi LRH. Leitað var því að öðrum lausnum.

### 5 Kostnaður verksins

Kostnaður verkefnisins var 422.750 kr.

### 6 Niðurstaða verkefnis

Á þeim tíma sem unnið var við verkefnið losnaði húsnaði við Grensásveg 9 en það húsnaði er í eigu ríkisins. LRH var boðið húsnaði til leigu.

Eftir að fulltrúar LRH og FSR höfðu skoðað húsnaðið varð það niðurstaðan að LRH tók það á leigu. FSR kom ekki að þeim leigusamningi sem var á höndum Ríkiseigna.

Aðkomu FSR að verkefninu var þar með lokið.

### 7 Ákvörðun verkkaupa


Ákvörðun verkkaupa var að taka húsnaði við Grensásveg 9 á leigu. Húsnaðið er í eigu ríkisins.

### 8 Verklok

Verklok hvað FSR varðar voru þegar LRH ákvað að taka húsnaði við Grensásveg 9 til leigu.


### 9 Staðfesting skilablaðs

Undirrituð staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



---

Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri



---

Róbert Jónsson, verkefnistjóri